

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 214/2015

2017/EES/19/18

frá 25. september 2015

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/646 frá 23. apríl 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um bakteríuræktanir sem eru ætlaðar til að draga úr lífrænum föstum efnum og sem á að setja á markað í því skyni ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/655 frá 23. apríl 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um samsetningar, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, sem settar eru á markað til að verjast moskítóflugum ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 12nnc (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/402/ESB) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nnd. **32015 D 0646**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/646 frá 23. apríl 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um bakteríuræktanir sem eru ætlaðar til að draga úr lífrænum föstum efnum og sem á að setja á markað í því skyni (Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 79).

12nne. **32015 D 0655**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/655 frá 23. apríl 2015 skv. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 um samsetningar, að stofni til úr pólýdímetýlsíloxani, sem settar eru á markað til að verjast moskítóflugum (Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 75).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2015/646 og (ESB) 2015/655, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist ^(*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 79.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 75.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ingrid Schulerud

formaður.